

# SKIPULAGSSKRÁ

## sjálfseignarstofnunarinnar Landsnefnd UNICEF á Íslandi.

### 1. gr.

#### Heiti stofnunarinnar.

Stofnunin er landsnefnd fyrir Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Children's Fund, hér eftir nefnt UNICEF). Heiti stofnunarinnar er Landsnefnd UNICEF á Íslandi. Stytt útgáfa heitisins til daglegra nota er UNICEF á Íslandi.

UNICEF á Íslandi er sjálfstæð og óhagnaðardrífín sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulags-skrá sem starfar í þágu almannaheilla. UNICEF á Íslandi starfar á grundvelli og í samræmi við samstarfssamning UNICEF við UNICEF á Íslandi og sameiginlegar áætlanir.

UNICEF á Íslandi fylgir reglum UNICEF um notkun á nafni þess, vörumerkjum og öðru réttinda-vörðu efni í samræmi við samstarfssamning.

### 2. gr.

#### Heimili.

Heimili og varnarþing UNICEF á Íslandi er að Strandgötu 75 í Hafnarfirði.

### 3. gr.

#### Stofnendur og stofnfé.

Stofnendur UNICEF á Íslandi voru hópur einstaklinga og lögaðila, sem höfðu að markmiði að styðja við vinnu og markmið UNICEF, og voru m.a. Allíanz Ísland hf. söluumboð, Baugur Group hf., Pharmaco hf. og Samskip hf. sem lögðu fram óafturkræft stofnfé UNICEF á Íslandi, alls kr. 16.000.000, þar af óskerðanlegt stofnfé að lágmarksfjárhæð kr. 1.000.000. Stofnfé skal ávaxtað með þeim hætti að samræmist markmiðum UNICEF á Íslandi. Stofnendur njóta engra sérreittinda í stofnuninni.

Sjálfseignarstofnunin ber ein ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum sem hún kann að eignast síðar.

### 4. gr.

#### Hlutverk og markmið.

Hlutverk UNICEF á Íslandi er að styðja við markmið Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, um réttindi allra barna til lífs og þroska í samræmi við barnasáttmálann.

Markmiðum UNICEF á Íslandi skal náð með eftirfarandi hætti:

- með því að afla stuðnings fyrir alþjóðlegum verkefnum UNICEF, m.a. í gegnum fjársafnanir,
- með því að leita eftir styrkjum, ýmist frá einstaklingum eða lögaðilum, með innheimtu reglubundinna framlaga og með öðrum hætti;
- með því að gæta réttinda barna á Íslandi og veita stjórnvöldum aðhald á sviði barnaréttar;
- með því að vinna að því að UNICEF fái fjárhagslegan stuðning frá íslenskum stjórnvöldum;
- með því að auka skilning íslensks almennings á réttindum barna, aðstæðum barna annars staðar í heiminum og störfum UNICEF í þágu réttinda og hagsmuna barna;
- með því að tryggja að fjármunum sem safnað er í starfi UNICEF á Íslandi sé varið í þágu framangreindra markmiða;
- með hverjum öðrum verkefnum sem sammælt er um við UNICEF.

### 5. gr.

#### Fjármögnun.

Starfsemi stofnunarinnar verður fjármögnuð með styrkjum og fjárframlögum frá einstaklingum, lögpersónum, stjórnvöldum og öðrum aðilum.

6. gr.  
*Skipulag.*

Stjórn fer með öll völd í stofnuninni. Framkvæmdastjóri starfar í umboði stjórnar, sbr. 11. gr.

7. gr.  
*Styrktaraðild.*

Allir geta gerst styrktaraðilar UNICEF á Íslandi samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur.

Stjórn getur með samþykki meirihluta ákveðið án fyrirvara að þiggja ekki fjárstuðning frá einstökum aðilum.

8. gr.  
*Aðalfundur og ársfundur.*

Aðalfundur er vettvangur stefnumótunar og umræðu um starf UNICEF á Íslandi. Aðalfundur sitja stjórnarmenn UNICEF á Íslandi. Að auki getur stjórnin boðið framkvæmdastjóra og gestum að sitja fundinn sem áheyrnarfulltrúar.

Reglulega aðalfundi skal halda eigi síðar en í júní. Formaður skal boða til fundarins skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Formaður er fundarstjóri aðalfundar. Halda skal fundargerð aðalfundar og skrá allar ákvarðanir stjórnar.

Heimilt er að halda aðalfund og aðra fundi stjórnar með rafrænum hætti og afgreiða mál.

Á aðalfundi skal ávallt taka fyrir þessi mál:

- Ársreikningur UNICEF á Íslandi fyrir liðið starfsár skal lagður fram ásamt athugasemdum endurskoðenda stofnunarinnar til samþykktar.
- Skipun stjórnar.
- Kjör löggilts endurskoðanda.
- Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa stjórnarmenn einir og ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum nema kveðið sé á um annað í skipulagsskrá þessari. Nú verða atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði fundarstjóra. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi.

Stjórn getur ákveðið að boða til aukafundar krefjist a.m.k. þrjú stjórnarmenn þess. Skal um fundarboð og fundarsköp fara sem um aðalfund sé að ræða.

Ársfundur skal haldinn í framhaldi af aðalfundi, eigi síðar en í júní, og skal hann vera opinn almenningi. Boða skal til ársfundar opinberlega með viku fyrirvara. Á ársfundi skulu stjórn og framkvæmdastjóri gera grein fyrir stöðu stofnunarinnar og kynna ársskýrslu liðins árs. Ársfundur skal vera vettvangur fyrir umræðu um starf UNICEF á Íslandi.

9. gr.  
*Stjórn.*

Stjórn fer með málefni UNICEF á Íslandi. Stjórn mótar heildarstefnu landsnefndarinnar, setur starfsreglur stjórnar og siðareglur, í samræmi við þessa skipulagsskrá og meginreglur um góða stjórnarhætti sem landsnefndir UNICEF setja sér sameiginlega. Stjórn UNICEF á Íslandi ber ábyrgð á fjárreiðum sjóðsins, ávöxtun fjármuna hans og áhættustjórnun.

Stjórn UNICEF á Íslandi er skipuð sjö til níu einstaklingum sem gefa vinnu sína. Skipað er í stjórn til tveggja ára og geta einstakir stjórnarmenn setið í stjórninni að hámarki í sex ár samfellt. Undanskilinn er formaður stjórnar sem getur setið lengur, þó aldrei lengur en þrjú tímabil eða sex ár samfellt eftir að hann er kjörinn formaður. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund velja formann og varaformann úr sínum hópi.

Stefna skal að því að þriðjungur stjórnar verði endurnýjaður á tveggja ára fresti. Komi til þess að meirihluti stjórnarmanna hverfi úr stjórn, m.a. vegna ákvæða um hámarks lengd stjórnarsetu, er heimilt að gera undanþágu frá þeirri meginreglu svo tryggja megi stöðugleika í starfi stjórnar. Stjórnina skulu skipa einstaklingar sem vilja stuðla að framgangi UNICEF á Íslandi og vinna í samræmi við markmið UNICEF. Í samræmi við stefnu landsnefndarinnar um bann við mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar, fötlunar, aldurs eða annarra þátta, skal tryggt að í stjórn veljist einstaklingar með fjölbreyttan

bakgrunn, sem auk þess búa yfir mismunandi menntun og reynslu sem geti nýst vel allri starfsemi og verkefnum UNICEF á Íslandi.

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi skipar í eitt sæti stjórnar, sbr. 10. gr.

Í lok skipunartíma stjórnar, eða þegar stjórnarsæti losnar, er það hlutverk stjórnar að finna einstaklinga til að taka sæti í stjórn og skal val á nýjum stjórnarmönnum fara fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur þar að lútandi.

Stjórn getur vikið stjórnarmanni frá störfum fyrir gróf brot á siðareglum, í samræmi við starfsreglur stjórnar.

Stjórn fundar eins oft og þörf krefur, en a.m.k. fjórum sinnum á ári, að frumkvæði formanns stjórnar. Halda skal stjórnarfund krefjist einhver stjórnarmanna þess.

Fundur stjórnar er lögmætur sæki hann a.m.k. fimm stjórnarmenn. Ákvarðanir eru teknar af meirihluta stjórnar. Falli atkvæði að jöfnu ræður atkvæði formanns. Halda skal fundargerðir og skrá allar ákvarðanir stjórnar.

Stjórn ræður framkvæmdastjóra, sbr. 11. gr.

Framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi er ritari stjórnar og situr alla fundi, nema stjórn ákveði annað. Framkvæmdastjóri hefur ekki atkvæðarétt á stjórnarfundum. Aðrir skulu sitja fundi stjórnar eftir þörfum.

#### 10. gr.

##### *Ungmennaráð.*

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi starfar samkvæmt eigin reglum í samráði við umsjónarmann þess hjá UNICEF á Íslandi. Hlutverk ungmennaráðsins er að vinna að verkefnum sem vekja athygli á réttindum og hagsmunum barna á Íslandi og í öðrum löndum og styðst ráðið við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verkefnum sínum. Ungmennaráðið á eitt sæti í stjórn UNICEF á Íslandi og er það að jafnaði skipað formanni ungmennaráðsins. Ef formaður ungmennaráðsins er ekki orðinn 18 ára gamall fær hann áheyrnarrétt á stjórnarfundum og ungmennaráðið skipar fulltrúa sinn í stjórnina, 18 ára eða eldri.

#### 11. gr.

##### *Framkvæmdastjóri.*

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og starfar samkvæmt þeirri stefnu sem stjórn hefur ákveðið, í umboði stjórnar og á ábyrgð hennar. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur UNICEF á Íslandi. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri á ekki sæti í stjórn né neinum nefndum á vegum stjórnar.

#### 12. gr.

##### *Fjárhagur.*

UNICEF á Íslandi skal starfa samkvæmt fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn og kynnt á aðalfundi.

UNICEF á Íslandi er fjármagnað með styrktargreiðslum, sérstökum og reglubundnum söfnunum og á annan hátt sem stjórn ákveður.

UNICEF á Íslandi millifærir styrktarfé til starfsemi UNICEF alþjóðlega, með reglubundnum hætti og í samræmi við verklagsreglur.

Reikningsár UNICEF á Íslandi er almanaksárið og skila skal ársreikningi og skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað til Ríkisendurskoðunar fyrir 30. júní ár hvert.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri rita firma. Stjórn er heimilt að veita framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum prókúru.

Endurskoðun reikninga skal vera í höndum löggiltra endurskoðenda sem kosnir eru á aðalfundi og skal gera sérstakan samning um endurgjald fyrir störf þeirra. Senda skal endurskoðaða ársreikninga til UNICEF.

13. gr.

*Breytingar á skipulagsskrá og ákvörðun um slit.*

Ákvörðun um breytingu skipulagsskrár eða slit UNICEF á Íslandi skal tekin á aðalfundi. Slík ákvörðun verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki allra stjórnamanna. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra.

Verði Landsnefnd UNICEF á Íslandi slitið skal stjórn gera upp skuldir og eignir og slíta svo rekstri hennar. Skulu eftirstandandi eignir renna til UNICEF.

14. gr.

*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á aðalfundi stjórnar UNICEF á Íslandi í Reykjavík 15. júní 2022. Við staðfestingu skipulagsskrár þessarar fellur eldri skrá úr gildi nr. 904/2011.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 14. september 2023,*

**Björn Hrafnkelsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrimsdóttir.*